



Barnaverndarstofa

Greining á tölulegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum.

16. júní 2020


Barnaverndarstofa hefur greint tölur sem borist hafa frá barnaverndarnefndum vegna tilkynninga sem bárust í maí 2020 og borið þær saman við tölur í mars og apríl 2020 og tölur frá 1. janúar 2019 til og með 29. febrúar 2020. Tilgangur greiningarinnar er að reyna að leggja mat á hvort og þá hvaða áhrif COVID-19 faraldurinn hefur haft á tilkynningar til barnaverndarnefnda. Sambærilegar greiningar voru einnig gerðar vegna mars- og aprílmánaðar 2020.

Allar tölur sem fjallað er um hér að neðan má finna í sérstöku skjali sem er meðfylgjandi.

Fjöldi tilkynninga

Í maí 2020 bárust alls 1.244 tilkynningar til barnaverndarnefnda fjölgaðu úr 1.058 frá mánuðinum á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 1.135 tilkynningar og minnst 810 tilkynningar á einum mánuði og er meðaltal tilkynninga á umræddu tímabili 955. Fjöldi tilkynninga í mars og apríl 2020 var aðeins yfir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan en innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða. Fjöldi tilkynninga í maí hinsvegar er yfir meðaltali og fleiri tilkynningar hafa ekki borist í einum mánuði á því tímabili sem hér er til samanburðar.

Þegar skoðaður er fjöldi tilkynninga til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð, kemur í ljós að fjöldi tilkynninga á höfuðborgarsvæðinu er innan þeirra sveiflu sem samanburðurinn tekur til, en fjöldi tilkynninga í Reykjavík og á landsbyggð hefur ekki verið hærri á samanburðartímabilinu. Mest er fjölgun tilkynninga í maí á landsbyggðinni.




Fjöldi tilkynninga gegnum 112

Þegar skoðaðar eru tilkynningar sem bárust gegnum 112 þá bárust í maí 2020 alls 99 tilkynningar til nefnda gegnum neyðarnúmerið og er það fækkun úr 141 tilkynningu mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 99 tilkynningar og minnst 46 tilkynningar frá 112 í einum mánuði og er meðaltal tilkynninga sem bárust frá 112 á umræddu tímabili 80.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 sem bárust gegnum 112 eru því jafn margar og þegar þær voru flestar á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en mesti fjöldinn var í apríl 2020, 141 tilkynning.

Þegar skoðaður er fjöldi tilkynninga til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð, má sjá að fjöldi tilkynninga gegnum 112 er yfir meðaltali í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu, en aðeins undir meðaltali á landsbyggð. Fjöldi tilkynninga er innan þeirrar sveiflu sem getur verið á milli mánaða í Reykjavík og á landsbyggð, en á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki borist fleiri tilkynningar ef frá er talinn mánuðurinn á undan.




Fjöldi tilkynninga þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu

Í maí 2020 bárust alls 90 tilkynningar til barnaverndarnefnda þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu sem er svipaður fjöldi og mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 74 tilkynning tilkynningar og minnst 41 tilkynning á einum mánuði þar sem barn er talið í yfirvofandi hættu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 56.

Fjöldi slíkra tilkynninga í mars, apríl og maí 2020 er því töluvert yfir meðaltali á samanburðartímabili.

Þegar greindar eru tölur um bráðatilkynningar fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá eftirfarandi:

1. Bráðatilkynningar til barnaverndar Reykjavíkur eru fleiri en áður hafa borist.
2. Bráðatilkynningar til nefnda á höfuðborgarsvæðinu eru fleiri en áður hafa borist.
3. Bráðatilkynningar til nefnda á landsbyggð fækkar í maí miðað við mánuðina á undan en eru yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.




Fjöldi barna sem tilkynnt er um

Í maí 2020 bárust tilkynningar um alls 999 börn. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest tilkynningar um 874 og minnst 622 börn á einum mánuði og er meðaltal barna sem tilkynnt er um á umræddu tímabili 764.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um í maí er því nokkuð yfir meðaltali og ekki hafa áður borist tilkynningar um jafn mörg börn í einum mánuði á samanburðartímabilinu.

Þegar skoðaður er fjöldi barna sem tilkynnt er um til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð má sjá að ekki hafa áður borist tilkynningar um jafn mörg börn í einum mánuði í Reykjavík og á landsbyggð. Fjöldi barna sem tilkynnt var um

á höfuðborgarsvæðinu var yfir meðaltali en innan þeirrar sveiflu sem sjá má á samanburðartímabilinu.




Hverjir tilkynna

Barn

Í maí 2020 barst ein tilkynning til barnaverndarnefnda þar sem barn hefur samband. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 9 tilkynningar og minnst engin tilkynning á einum mánuði frá barninu sjálfu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 5.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 frá barni sjálfu er því undir meðaltali í hverjum mánuði á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en flestar voru tilkynningar frá barni í mars 2020 eða 17 tilkynningar.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur í maí eru innan hefðbundinna sveiflna í Reykjavík, á höfuðborgarsvæði og landsbyggð.




Foreldrar

Í maí 2020 bárust alls 86 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá foreldrum barns, heldur fleiri en mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 86 tilkynningar og minnst 52 tilkynningar á einum mánuði frá foreldrum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 66.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 frá foreldrum barns eru því yfir meðaltali og jafn margar og hæsta gildi á því tímabili sem notað er til samanburðar, en fleiri tilkynningar bárust frá foreldrum í mars 2020 eða 93 tilkynningar.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur á landsbyggð eru yfir meðaltali og í Reykjavík hafa ekki áður borist jafn margar tilkynningar í einum mánuði. Á höfuðborgarsvæðinu er fjöldi tilkynninga rétt undir meðaltali á samanburðartímabili.



Skóli


Í maí 2020 bárust alls 197 tilkynning til barnaverndarnefnda frá skólum, en þær voru 61 mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 221 tilkynning og minnst 14 tilkynningar á einum mánuði frá skólum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 140.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 frá skólum eru því mun fleiri en bárust að meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirra sveiflu sem getur verið á milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningum fjölgar á öllum svæðum og er fjöldi tilkynninga yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirra sveiflu sem getur verið á milli mánaða í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Ekki hafa áður borist jafn margar tilkynningar á landsbyggðinni á samanburðartímabili.

Mikilvægt er að hafa í huga að tilkynningum frá skólum fækkar almennt verulega þá mánuði sem skólahald liggur niðri og fjöldi tilkynninga á mánuði yfir vetrarmánuði eru því iðulega yfir meðaltali.

Eins og sjá má á tölunum þá fækkaði tilkynningum mikið í apríl sem bendir til þess að takmarkað skólahald hafi haft veruleg áhrif á forsendur skóla til að fylgjast með og láta barnaverndarnefndir vita af aðbúnaði barna.




Leikskóli/dagforeldri

Í maí 2020 bárust alls 31 tilkynning til barnaverndarnefnda frá leikskólum/dagforeldrum, samanboreið við 21 tilkynningu mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 31 tilkynning og minnst 10 tilkynningar á einum mánuði frá leikskólum/dagforeldrum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 19.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 frá leikskólum/dagforeldrum er því hærri en að meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og ekki jafn margar og hæsta gildi á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að fjöldi tilkynninga er yfir meðaltali, en innan þeirrar sveiflu sem getur verið á milli mánaða á öllum svæðum.

Mikilvægt er að hafa í huga að tilkynningum frá leikskólum/dagforeldrum fækkar almennt verulega yfir sumarmánuði og fjöldi tilkynninga á mánuði yfir vetrarmánuði eru því iðulega yfir meðaltali.




Nágrannar

Í maí 2020 bárust alls 122 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá nágrönnum og er það svipaður fjöldi og mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 80 tilkynningar og minnst 48 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 65.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 frá nágrönnum eru því töluvert fleiri en berast nefndum að meðaltali í hverjum mánuði. Það sama á við um mánuðina á undan, mars og apríl 2020. Mun fleiri tilkynningar eru því að berast frá nágrönnum en á samanburðartímabili.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að þeim fjölgar í Reykjavík í maí, en fækkar bæði á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð, en eru fyrir meðaltali á samanburðartímabilinu.




Ættingjar

Í maí 2020 barst alls 61 tilkynning til barnaverndarnefnda frá ættingjum, sem er fjölgun frá mánuðinum á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 70 tilkynningar og minnst 28 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 46.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 er því yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávík milli mánaða heldur virðist talan í maí vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar í maí frá nágrönnum eru yfir meðaltali í Reykjavík og á landsbyggð en rétt undir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu.




Lögregla

Í maí 2020 bárust alls 456 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá lögreglu samanborið við 487 tilkynningar mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 511 tilkynningar og minnst 301 tilkynning á einum mánuði frá lögreglu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 395.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 er því nokkuð yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í maí vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að í Reykjavík eru tilkynningar frá lögreglu í maí rétt undir meðaltali á samanburðartímabilinu en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða á samanburðartímabilinu. Fjöldi tilkynninga er yfir meðaltali á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð, en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.




Heilbrigðisstofnun

Í maí 2020 bárust alls 89 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá heilbrigðisstofnunum, heldur færri en mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 128 tilkynningar og minnst 78 tilkynningar á einum mánuði heilbrigðisstofnun og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 96.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 er því aðeins undir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í maí vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum eru aðeins yfir meðaltali í Reykjavík, en aðeins undir meðaltali á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð.




Aðrir

Í maí 2020 bárust alls 141 tilkynning til barnaverndarnefnda frá öðrum aðilum og eru það fleiri tilkynningar en bárust mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 118 tilkynningar og minnst 54 tilkynningar á einum mánuði frá öðrum aðilum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 84.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 frá öðrum aðilum er því yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og ekki hafa áður borist jafn margar tilkynningar í einum mánuði á samanburðartímabilinu.

Fjöldi tilkynninga í Reykjavík, á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð eru yfir meðaltali en innan þeirrar sveiflu sem getur verið á samanburðartímabilinu á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð.



Önnur barnaverndarnefnd og félagsþjónusta

Tilkynningar frá annarri barnaverndarnefnd voru 26 og fjölgar úr 13 tilkynningum mánuðinn á undan. Fjöldi tilkynninga er yfir meðaltali á samanburðartímabilinu, en eru innan þeirra sveiflu sem getur verið í einstökum mánuðum. Ekki er að sjá að markverðar breytingar verði á fjölda tilkynninga sem berast frá félagsþjónustu, fjöldi tilkynninga var 34 sem er yfir meðaltali á samanburðartímabilinu en innan þeirra sveiflu sem getur verið í eintökum mánuðum.


Efni tilkynninga

Ofbeldi

Í maí 2020 fjölgaði tilkynningum enn varðandi ofbeldi. Alls barst 371 tilkynning til barnaverndarnefnda varðandi ofbeldi gegn börnum, samanborið við 312 mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 292 tilkynningar og minnst 206 tilkynningar á einum mánuði um ofbeldi og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 254.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 er því töluvert yfir meðaltali miðað við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020 og fleiri á mánuði en allt tímabilið á undan sem samanburðurinn nær til.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur eru allar yfir meðaltali miðað við samanburðartímabilið, en eru þó innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni hafa ekki áður borist jafn margar tilkynningar í einum mánuði á samanburðartímabilinu.



Í maí 2020 fjölgar tilkynningum um *líkamlegt ofbeldi* úr 55 tilkynningum í apríl í 82 tilkynningar í maí 2020. Tilkynningar voru 92 í mars 2020. Tilkynningar í mars og maí eru yfir meðaltali á samanburðartímabilinu í Reykjavík, á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð.

Tölur varðandi *tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi* eru mun hærri í maí 2020 en að meðtali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en 250 tilkynningar bárust í maí 2020 en voru 162 að meðaltali á samanburðartímabili. Ekki hafa borist fleiri tilkynningar í einum mánuði á landsvísu á samanburðartímabilinu. Tilkynningar eru yfir meðaltali í Reykjavík,

höfuðborgarsvæði og á landsbyggð. Tilkynningar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið á samanburðartímabilinu en ekki hafa borist fleiri tilkynningar um tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi á landsbyggð á samanburðartímabilinu.

Tilkynningum varðandi *heimilisofbeldi* fækkaði í maí 2020 miðað við mánuðinn á undan úr 129 tilkynningum í 111 tilkynningar. Að meðaltali bárust 73 tilkynningar varðandi heimilisofbeldi á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og er því fjöldi tilkynninga í maí yfir því meðaltali. Tilkynningar voru yfir meðaltali á öllum svæðum miðað við samanburðartímabilið og á landsbyggðinni hafa ekki borist fleiri tilkynningar í einum mánuði.

Tölur varðandi *kynferðislegt ofbeldi* fjölgaði í maí 2020 miðað við mánuðinn á undan, en þá var fjöldi tilkynninga lægri en þegar fæstar tilkynningar bárust á samanburðartímabili. Tilkynningar í maí 2020 voru 47 og er fjöldi tilkynningar í maí yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en þá var meðalfjöldi tilkynninga um kynferðislegt ofbeldi 39. Fjöldi tilkynninga á höfuðborgarsvæðinu var yfir meðaltali en undir meðaltali í Reykjavík og á landsbyggðinni miðað við samanburðartímabilið.


Ljóst er að tilkynningar um ofbeldi hafa verið yfir meðaltali síðustu þrjá mánuði í röð. Eru þessar tölur sérstakt áhyggjuefni og mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hver þróunin verður.

Vanræksla

Tilkynningum um vanrækslu fjölgar milli mánaða. Í maí 2020 bárust alls 554 tilkynningar til barnaverndarnefnda varðandi vanrækslu en 492 tilkynningar bárust mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 507 tilkynningar og minnst 307 tilkynningar á einum mánuði um vanrækslu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 401.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 um vanrækslu er því töluvert yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og ekki hafa borist fleiri tilkynningar um vanrækslu í einum mánuði á samanburðartímabilinu.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar vegna vanrækslu eru yfir meðaltali á öllum svæðum og í Reykjavík og á landsbyggð hafa ekki áður borist fleiri tilkynningar um vanrækslu í einum mánuði á samanburðartímabilinu.



Tilkynningum þar sem vanræksla er varðandi *umsjón og eftirlit barna* fjölgar í maí úr 441 tilkynningu í 485 miðað við mánuðinn á undan. Tilkynningum fjölgar í Reykjavík og á landsbyggð, en fækkar á höfuðborgarsvæðinu. Tilkynningar eru yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 á öllum svæðum, þegar tilkynningar voru 347 að meðaltali. Ekki hafa áður borist jafn margar tilkynningar um vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit í einum mánuði í Reykjavík og á landsbyggð á samanburðartímabilinu.

Tilkynningar um *foreldrar í neyslu* fjölgar miðað við mánuðinn á undan úr 178 tilkynningum í 197 tilkynningar. Ekki hafa áður borist jafn margar tilkynningar á landsvísu í einum mánuði á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. eru tilkynningar í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð yfir meðaltali tilkynninga á samanburðartímabilinu. Á landsbyggðinni hafa ekki áður borist jafn margar tilkynningar um foreldra í neyslu í einum mánuði miðað við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020.

Tilkynningar varðandi *líkamlega vanrækslu* fækkaði í maí 2020 miðað við mánuðinn á undan úr 25 tilkynningum í 15 tilkynningar. Tilkynningar eru undir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu, en á landsbyggð eru þær jafn margar og að meðaltali á samanburðartímabilinu.

Tilkynningar varðandi *tilfinningalega vanrækslu* voru jafn margar í maí 2020 og mánuðinn á undan eða 29 tilkynningar, einni fleiri en að meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Á landsbyggðinni er fjöldi tilkynninga yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu jafnt og meðalfjöldi tilkynninga á samanburðartímabilinu.

Tilkynningar er varða *vanrækslu varðandi nám* fjölgar í maí 2020 úr 27 í 35 tilkynningar samanborið við mánuðinn á undan og eru yfir meðallagi miðað við tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, þegar að meðaltali bárust 20 tilkynningar. Flestar tilkynningar sem bárust í einum mánuði á samanburðartímabilinu voru 34, ekki hafa því borist fleiri tilkynningar í einum mánuði ef miðað er við samanburðartímabilið. Fjöldi tilkynninga í Reykjavík og á landsbyggð eru yfir meðaltali miðað við tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en á höfuðborgarsvæðinu er fjöldi tilkynninga undir meðaltali.

Almennt er því vísbending um að tilkynningum til barnaverndarnefnda um vanrækslu sé að fjölga þar sem þær hafa verið yfir meðaltali í þrjá mánuði í röð. Mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hver þróunin verður.


Áhættuhegðun barns

Í maí 2020 bárust alls 304 tilkynningar til barnaverndarnefnda varðandi áhættuhegðun barns, heldur fleiri en mánuðinn á undan þegar þær voru 241. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 380 tilkynningar og minnst 193 tilkynningar á einum mánuði um áhættuhegðun barns og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 293.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 er því aðeins yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í maí vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningum um áhættuhegðun barns fækkar í Reykjavík, en fjölgar á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni miðað mánuðinn á undan. Fjöldi tilkynninga í Reykjavík og á landsbyggð er yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en undir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu.

Mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hver þróunin verður að þessu leyti.



Ófætt barn

Í maí 2020 bárust alls 15 tilkynningar til barnaverndarnefnda varðandi áhyggjur af ófæddu barni, en mánuðinn á undan voru tilkynningar 13. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 12 tilkynningar og minnst 3 tilkynningar á einum mánuði vegna ófæddra barna og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 7.

Fjöldi tilkynninga í maí 2020 eru því fleiri en þegar flestar tilkynningar bárust á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningum varðandi ófædd börn fjölgar í maí fyrst og fremst á landsbyggðinni.

